

29. ágúst 2023

Mál nr. 1/2023

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

Morten Beck Guldsmed

gegn

Knattspyrnusambandi Íslands og

Knattspyrnudeild FH.

Með bréfi dagsettu 4. ágúst 2023 krafðist áfrýjandi, Morten Beck Guldsmed, þess að ákvörðun áfrýjunardómstóls KSÍ frá 28. júlí 2023 um að afléttu félagaskiptabanni knattspyrnuliðs FH í meistarflokkki karla samkvæmt dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2023 frá 15. júní 2023, yrði felld úr gildi.

Af hálfu stefndu, Knattspyrnusambandi Íslands og Knattspyrnudeild FH er þess aðallega krafist að kröfunni verði vísað frá dómi en til vara að kröfunni verði hafnað.

Mál þetta var dómtekið 23. ágúst sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi frávísunarpátt málsins.

I

Samkvæmt grein 35.1 í lögum Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ dóum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Í grein 35.2 er tekið fram að þar sem sérsamband ákveði að hafa sérstaka dómstóla verði málum þeirra ekki skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Þó er heimilt að áfrýja til hans þeim málum áfrýjunardómstóla sérsambanda sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í slíkum tilvikum hvort kæratriði séu þess eðils að hann eigi um þau að fjalla.

Samkvæmt grein 7.2 í lögum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) eru dómstig KSÍ a. aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og b. áfrýjunardómstóll KSÍ. Samkvæmt grein 38.1. í sömu lögum starfar áfrýjunardómstóll KSÍ samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ. Samkvæmt grein 38.6 eru ákvarðanir áfrýjunardómstóls KSÍ bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ.

Í 2. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól KSÍ er fjallað um hlutverk og lögsögu dómstólsins. Samkvæmt grein 2.1. skal áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málum, sem heimilt er að áfrýja og koma upp innan végbands KSÍ og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Samkvæmt grein 2.2. tekur áfrýjunardómstóllinn mál til endurskoðunar eftir áfrýjun þess og getur tekið ákvörðun um viðurlög. Samkvæmt grein 4.2. í reglugerðinni er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum. Úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í agamálum verður ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í undantekningar-tilfellum. Samkvæmt grein 6.1. er dómur áfrýjunardómstóls KSÍ endanlegur og bindandi fyrir málsaðila, sbr. þó mál sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Í grein 12.1 er svo kveðið á um að Knattspyrnuþingi sé heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

II

Þann 10. ágúst 2022 var kveðinn upp svohljóðandi úrskurður af samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ í málínu Knattspyrnudeild FH gegn Morten Beck Guldsmed:

„Leikmannasamningur Knattspyrnudeildar FH og Morten Beck Guldsmed með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 telst vera launþegasamningur. Því samkvæmt ber Knattspyrnudeild FH ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningnum”.

Áfrýjandi kærði stefnda, Knattspyrnudeild FH, til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem kvað þann 30. mars 2023 upp úrskurð nr. 3/2023 í máli áfrýjanda gegn stefnda Knattspyrnudeild FH. Í forsendum úrskurðarins er m.a. kveðið á um að stefnda, Knattspyrnudeild FH, hefði ekki tekist að færa sönnur á að gerðir hafi verið upp skattar og önnur launatengd gjöld af greiðslum til áfrýjanda. Úrskurðarorð var svohljóðandi:

„Knattspyrnudeild FH skal sæta sekt að upphæð kr. 150.000.- Knattspyrnulið FH í meistaraflokki karla skal sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki er gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því úrskurður þessi er kveðinn upp”.

Stefndi, Knattspyrnudeild FH, áfrýjaði úrskurðinum til áfrýjunardómstóls KSÍ. Þann 15. júní 2023, kvað áfrýjunardómstóll KSÍ upp svohljóðandi dóm í máli nr. 3/2023:

„Knattspyrnudeild FH skal sæta sekt að upphæð kr. 150.000.- Knattspyrnulið FH í meistaraflokki karla skal sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki er gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því að dómur þessi er kveðinn upp.

Málskostnaður fyrir áfrýjunardómstól KSÍ verður ekki dæmdur”.

Þann 28. júlí sl. sendi áfrýjunardómstóll KSÍ bréf til stefnda, Knattspyrnudeildar FH þar sem segir m.a. orðrétt:

„Efni: Bréf knattspyrnudeildar FH dags. 25. júlí 2023.

Með bréfi þínu f.h. knattspyrnudeildar FH dags. 25. júlí sl. til áfrýjunardómstóls KSÍ er farið fram á að áfrýjunardómstóll KSÍ aflétti félagaskiptabanni því sem deildi er í sem ákvarðað var í domi dómstólsins þann 15. júní 2023 í máli nr. 3/2023.

Af fyrrnefndu bréfi knattspyrnudeildar FH og með vísan til þeirra fylgisskjala sem fylgdu bréfinu verður ekki annað séð en að knattspyrnudeild FH hafi sýnt fram á að hafa fullnægt þeim forsendum sem fram koma í domi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2023. Með vísan til ákvæða laga og reglugerða KSÍ og þá einnig FIFA Disciplinary Code sem er þeim til fyllingar er félagaskiptabanni knattspyrnuliðs FH í meistaraflokki karla samkvæmt domi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr 3/2023 hér með aflétt”.

Áfrýjandi Morten Beck Guldsmed krefst þess fyrir áfrýjunardómstól íSÍ að þessi ákvörðun áfrýjunardómstóls KSÍ frá 28. júlí um að afléttu félagaskiptabanni knattspyrnuliðs FH í meistaraflokki karla samkvæmt domi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2023 frá 15. júní 2023 verði felld úr gildi.

IV

Eins og rakið er hér að framan er hlutverk og lögsaga áfrýjunardómstóls KSÍ að taka við áfrýjuðum málum sem heimilt er að áfrýja og koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur

þess, sbr. ákvæði greinar 2.1. í reglugerð um áfrýjunardómstóli KSÍ. Þau mál sem heimilt er að áfrýja eru talin upp í grein 4 í reglugerðinni og eru fyrst og fremst úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum og í undantekningartilvikum einnig agamálum. Samkvæmt grein 6.1. í reglugerðinni er dómur áfrýjunardómstóls KSÍ endanlegur og bindandi fyrir málsaðila, að öðru leyti en því að mál sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum sæta áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Grein 38.6 í lögum KSÍ sem vísar til ákvarðana áfrýjunardómstóls KSÍ getur ekki tekið til annarra ákvarðana en þeirra sem falla undir hlutverk og lögsögu dómstílsins, sbr. einnig grein 38.5 í lögunum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstólinn. Þá verður grein 2.2. í reglugerð KSÍ um dómstíli KSÍ ekki skilin með öðrum hætti en að ákvarðanir dómstílsins sem þar er vísað til, séu bundnar við mál sem dómstíllinn tekur til endurskoðunar eftir áfrýjun þeirra, eins og segir orðrétt í upphafi ákvæðisins.

Hlutverk og lögsaga áfrýjunardómstóls KSÍ og raunar einnig áfrýjunardómstóls ÍSÍ afmarkast við þau mál sem er áfrýjað til dómstílsins. Það er í samræmi við það hlutverk áfrýjunardómstóla að endurskoða fyrirliggjandi dóma eða úrskurði. Ákvörðun áfrýjunardómstóls KSÍ frá 28. júlí sl. lýtur ekki að endurskoðun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og getur því hvorki leitt til endanlegrar og bindandi niðurstöðu samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ né verið grundvöllur að áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Þá er hvorki um að ræða úrskurð né dóm áfrýjunardómstóls KSÍ sem varðar Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum, sem fellur undir undanþáguheimild greinar 35.2. í lögum ÍSÍ og greinar 38.6. í lögum KSÍ.


Knattspyrnusamband Íslands, er sérsamband innan ÍSÍ sem hefur tekið upp eigið dómslakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi. Í því felst að öllum ágreiningasmálum sem varða aðildarfélög KSÍ skal lokið fyrir dómslóum KSÍ, að öðru leyti en því að mál sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum sæta áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Það er ekki hlutverk áfrýjunardómstóls ÍSÍ að endurskoða ákvarðanir dómstíla KSÍ óháð því hvort hin kærða ákvörðun sé bersýnilega röng að formi eða efni.

Með vísan til ofangreindar verður mál þessu vísað frá domi.

DÓMSORD

Máli þessu er vísað frá domi.


Helgi Sigurðsson
Helga Melkorka Óttarsdóttir


Hulda Árnadóttir